

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Innra mat skólans 2022-2023



Hugröckku ❤️ er ekkert ómögulegt



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats.....	4
3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats	5
3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	5
3.2 Olweus	5
3.3 Íslenska æskulýðsrannsóknin.....	5
4. Niðurstöður sjálfsmats	5
4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	5
4.2. Olweus	11
4.3. Íslenska æskulýðsrannsóknin.....	15
4.5. Mat á skólastarfinu.....	15
5. Fylgiskjöl.....	19
5.1. Fylgiskjal 1.....	19
5.2. Fylgiskjal 2.....	21
5.3. Fylgiskjal 3.....	22
5.4. Fylgiskjal 4.....	22

1. Inngangur

Grunnskóli Reyðarfjarðar er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Auk þess er boðið upp á lengda viðveru fyrir nemendum 1. – 4. bekkjar í Skólaseli, að skóla loknum. Ásta Ásgeirsdóttir er skólastjóri, Guðlaug Árnadóttir aðstoðarskólastjóri og Hildur Magnúsdóttir deildarstjóri sérkennslu í 75% starfi. Við skólann störfuðu 22 starfsmenn við kennslu, tólf stuðningsfulltrúar, tveir þroskajálfi, einn sjúkraliði, einn starfsmaður í Skólaseli og þrír skólaliðar auk húsvarðar og ritara í 50% starfi. Forstöðumaður bókasafnsins starfar einnig við skólann í 50 % starfi. Einn starfsmaður sinnti starfi námsráðgjafi í 50 % starfshlutfalli. Nemendur síðasta vetur voru 204.

Barna- og unglingaskóli Búðareyrar eins og Grunnskóli Reyðarfjarðar nefndist áður fyrr, er nánast jafngamall byggðinni og samofinn sögu hennar. Núverandi skólahúsnæðið er að hluta til í nýlegu húsnæði sem tekið var í notkun haustið 2006. Í skólanum er góður hátíðarsalur, bókasafn sem einnig gegnir hlutverki bæjarbókasafns og tónlistarskóli Reyðarfjarðar. Ofan við skólann er skólalóðin og nýtt íþróttahús var tekið í notkun á ársbyrjun 2023. Gamla íþróttahúsið sem stendur við hlið þess nýja bíður nýs hlutverks sem á þessari stundu er óvíst hvert verður. Íþróttahöll Fjarðabyggðar stendur svo steinsnar frá. Lögð er áhersla á list- og verkgreinar í Grunnskóla Reyðarfjarðar og samþættingu námsgreina.

Einkunnarorð skólans eru:

Hugrökku  er ekkert ómögulegt



2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats		
Tími:	Þetta var gert:	Þátttakendur:
Ágúst	Samantekt á mati starfsmanna á starfi síðasta vetrar lögð fyrir kennarafund á starfsdögum. Unnið var úr niðurstöðum og ný verkáætlun samin.	Aðstoðarskólastjóri Kennarar
Sept.	Unnið að skimunum samkvæmt skimunaráætlun.	Umsjónarkennarar Sérkennarar
Okt.	Skólapúlsinn lagður fyrir.	Skólapúlsinn Aðstoðarskólastjóri
Nóv.	Niðurstöður októberkönnunar Skólapúlsins skoðaðar og greindar. Unnin kynning fyrir starfsfólk og foreldra. Borið saman við aðgerðaáætlun síðasta árs. Farið yfir skimanir haustannar og þær bornar saman við niðurstöður síðasta árs.	Aðstoðarskólastjóri Sérkennarar Kennarar
Des.	Olweusarkönnunin lögð fyrir. Fara yfir starf vetrarins fram til þessa og áætlun vorannar endurmetin.	Kennarar Aðstoðarskólastjóri
Janúar	Rýnt í niðurstöður Olweusar.	Aðstoðarskólastjóri Umsjónarkennarar
Febrúar	Niðurstöður Olweusarkönnunar kynntar fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki. Útbúin aðgerðaáætlun.	Aðstoðarskólastjóri Umsjónarkennarar
Mars	Íslenska æskulýðskönnunin lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkjar.	Aðstoðarskólastjóri Kennarar
Apríl	Nemendakönnun Skólapúlsins lögð fyrir.	Skólapúlsinn aðstoðarskólastjóri
Maí	Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins greindar. Unnin kynning fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Rýnt í niðurstöðum íslensku æskulýðskönnunarinnar. Aðgerðaáætlun samin. Unnið að skýrslu vetrarins.	Aðstoðarskólastjóri Starfsmenn

3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats

Við sjálfsmat Grunnskóla Reyðarfjarðar skólaárið 2022 – 2023 var stuðst við eftirfarandi matstæki:

3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk svara þar spurningum um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi og um skóla- og bekkjaranda. Helmingur nemendahópsins svarar spurningalistum í október. Hinn helmingur hópsins svarar samskonar spurningum í apríl. Þannig má fylgjast með líðan og virkni nemenda það skólaárið auk þess sem bera má niðurstöðurnar saman við niðurstöður annarra skóla í landinu sem notast einnig við Skólapúlsinn.

3.2 Olweus

Könnun um einelti var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í janúar. Könnunin var lögð fyrir svona seint þar sem vonir stóðu til um að ný könnun yrði tilbúin fyrir þetta skólaár en það tókst ekki.

3.3 Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið. Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um upplifun barna og ungmenna á eigin velferð. Grundvöllur verkefnisins liggur einnig í að skapa aðstæður til að bregðast við niðurstöðum hverju sinni með snemmbæru inngrípi og stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra. Það voru 114 nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar sem svöruðu könnuninni.


4. Niðurstöður sjálfsmats

4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun

Skólapúlsinn veturinn 2022-2023


Nemendakönnun er lögð fyrir nemendur 6. – 10. bekkjar tvisvar á skólaárinu. Hópnum er skipt í tvennt. Annar hluti tók könnunina í október en hinn í apríl. Af niðurstöðum má greina þá breytingu á líðan og viðhorfi nemenda að almennur áhugi á námi er dvínandi og líðan nemanda hafi verið betri.

1.1.1 Ég les bara þegar ég verð að gera það.




Áhugi á lestri dvínar áfram hjá okkur þó svo áhugi nemenda sé yfir landsmeðaltali. Rúmlega helmingur nemenda segist nú eingöngu lesa af skyldurækni. Áhugi drengja minnkar mun meira en áhugi stúlkna.

1.2.2 Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.




Heldur dregur úr þrautseigju nemenda og er hún nú komin undir landsmeðaltal. Nokkur munur er á svörum hópa frá hausti og til vors en að vori er þrautseigjan mun minni. Meira hefur dregið úr þrautseigju drengja en stúlkna og eru þeir nú komnir undir landsmeðaltal. Þrautseigja stúlkna er meiri hér en á landsvísu. Enginn segist gefst alveg upp þó námsefnið sé erfitt en 33 segjast stundum gefast upp.

1.2.1 Þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er.




Nokkuð lægra hlutfall nemenda hér leggur alltaf hart að sér í námi en á landsvísu og fleiri stundum. Einn nemandi segist aldrei leggja hart að sér í námi.

1.3.4 Ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði.*



Áhugi nemenda á stærðfræði virðist vera að dala og er nú kominn nokkuð undir landsmeðaltal. Bæði drengir og stúlkur virðast hafa minni áhuga á stærðfræði nú en áður, en rúmlega helmingur nemenda segist ekki hafa áhuga á því sem þau eru að læra í stærðfræði.


1.4.4 Ég hef áhuga á að læra um náttúrufræði





Áhugi nemenda Grunnskóla Reyðarfjarðar á náttúrufræði stendur í stað, er ekki minni en hann var en mætti þó vera meiri en 41 nemendi af 86 segist ekki hafa áhuga á því að læra um náttúrufræði. Áhugi drengja er minni en stúlkna.

Trú á eign vinnubrögðum í námi hefur dalað en er þó yfir landsmeðaltali. 8 nemendur segjast ekki geta einbeitt sér að námi í kennslustundum


1.5.1 Alltaf einbeitt mér að námsefninu í kennslustundum



Fleiri nemendur eiga nú í vandræðum með að muna upplýsingar sem þeir fá í kennslustundum og úr námsefninu.



Það eru 8 nemendur sem segjast hafa verið lagðir í einelti sl. 30 daga 1 – 5 sinnum og tveir nemendur oftar. Það er fjölgun frá því í fyrra. Þau nefna það að þau séu stundum einmana og leið yfir því sem aðrir krakkar segi við þau. Helstu staðir eineltis eru frímínútur, bæði úti og inni.




Spurt er um tíðni hreyfingar innan og utan skólans. Reiknað er hlutfall nemenda sem segjast gera allt eftirtalið tvisvar í viku eða oftar:

- Taka þátt í líkamsþjálfun í skólanum utan leikfimitíma
- Stunda íþróttir með íþróttafélagi
- Hreyfa sig þannig að þeir mæðist og svitni utan íþróttæfinga og skóla

Líkt og undanfarin ár hreyfa nemendur okkar sig allt of lítið og stúlkur mun minna en drengir.


2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar – Kyn*



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


Í skólanum mínum.....

3.1.1 á ég auðvelt með að eignast vini.




Þegar spurt er um hversu vel þau upplifa sig tengjast félagahópnum í skólanum segist 19 nemenda eiga erfitt með að eignast vini.

3.1.2 tilheyri ég hópnum.



19 nemendur upplifa það að þeir standi fyrir utan hópinn sinn í skólanum.


3.2. Samband nemenda við kennara – Kyn



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


Drengir virðast treysta kennurunum sínum betur en stúlkur en það traust hefur þó dalað frá því í fyrra. Nú segist 31 nemandi ekki semja vel við flesta kennara og 16 hafa það á tilfinningunni að kennarar beri ekki hag þeirra sér fyrir brjósti.

3.3.1 Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.




Í opnum svörum kvarta nemandur mikið yfir hávaða í tímum. 16 nemenur segja að kennarar þurfi að bíða lengi eftir því að nemandur róist svo hægt sé að hefja kennslu, 15 nemandur segja að nemandur hlusti aldrei á kennarann og 29 nemandur segja að það sé hávaði og óróleiki í flestum tímum.

3.4.1 Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.*



Virgni og þátttaka nemenda í tímum er hér yfir landsmeðaltali og kannski kemur það út sem truflun fyrir suma.

3.5.3 Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.



Í þessum matsþætti er spurt um leiðsagnarnám, hve mikla endurgjöf nemendur telja sig fá frá kennurum sínum um nám og færni. Því miður virðast fleiri upplifa það að þeir fái ekki þá leiðsögn sem þeir þurfa að fá til að styrkja hæfni sína og færni sem best. 21 nemandi segjast aldrei fá slíka endurgjöf, 33 stundum en 31 oft eða næstum alltaf.

Opin svör

Flestir nefna að í skólanum séu allir eru góðir og samheldnir og að þeim líði þar vel. Þeim finnst gott að vera með vinum sínum, andrúmsloftið í skólanum er gott, kennarar hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi og smiðjurnar skemmtilegar. Eldri nemendur tala líka um að valið í VA hafi verið ánægjulegt. Frímínútur er nefndar og eru nemendur ánægðir með þá afþreyingu sem þeim stendur til boða. Í opnum svörum segja nemendur einnig að kennarar séu sanngjarnir, vingjarnlegir og að þeir séu ánægðir með að í skólanum sé lögð áhersla á að öllum líði vel og þar sé fjölbreytt nám. Nemendur segja gott að allir þekki alla og góður bekkjandi er líka nefndur. Íþróttir eru oftast nefndar sem skemmtilegt fag.

Það sem betur má fara er að heldur oft er mikill hávaði bæði í matsal og í kennslustundum sem nemendur kvarta sáran yfir. Hávaðinn í kennslustundum veldur þeim mikilli truflun og kvarta nemendur yfir því að gripið sé frammí fyrir kennaranum. Aðrir nefna ósanngjarna kennara og upplifa að þeir séu skammaðir án nokkurar ástæðu. Nemendur segja reglur of margar og alltaf kvarta einhverjir undan símareglunum. Sumir nefna baktal og stríðni. Maturinn er oftast nefndur sem ókostur á vorönn en að hausti.

4.2. Olweus

Niðurstöður Olweusar. Könnun lögð fyrir 5. – 10. bekk, tekin í janúar 2023.

Síðasta skólaár var Olweusar könnunin lögð fyrir óvenju seint. Ástæða þess var sú að vonir stóðu til að ný könnun yrði tilbúin til að leysa þá gömlu af hólmi en það gekk ekki eftir. Vonandi verður nýja könnunin tilbúin næsta haust.

Þegar Olweusar könnunin er lögð fyrir nemendur er byrjað á því að skilgreina hvað felst í hugtakinu einelti. Nemendur virðast þó eiga erfitt með að greina á milli eineltis og stríðni eða tímabundinna samskiptaerfiðleika við félag. Þrátt fyrir að það sé ítrekað að þau horfi aðeins til þess tíma sem liðinn er af þessu skólaári vilja nemendur, sérstaklega þeir yngri, rifja upp atburði frá liðnum árum. Vegna þessa er oft erfitt að greina

raunverulega tíðni eineltis. Þrátt fyrir það eru þessar niðurstöður mikilvægt verkfæri fyrir kennara að ígrunda með sínum nemendahópi.

- Þegar spurt er: Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði? Kemur fram að ein stúlka og tveir drengir segjast oft eða frekar oft hafa orðið fyrir einelti í skólanum. Það eru færri nemendur en í fyrra en aftur á móti segjast fjórtán hafa upplifað einelti mjög sjaldan. 85% nemenda hafa ekki orðið fyrir einelti
- Þegar spurt er um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti með meiðandi orðum eða athugasemdum um húðlit eða erlendan uppruna segjast fimm stúlkur mjög sjaldan hafa orðið fyrir því en sjö drengir mjög sjaldan eða sjaldan.
- Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir óttast að verða lagðir í einelti af samnemendum sínum segjast fjórir nemendur óttast það mjög oft, tveir oft, átta öðru hverju og tuttugu og þrír einstaka sinnum. Aðeins 62 % óttast það aldrei. Hér hefur orðið breyting á síðan í fyrra þar sem fleiri óttuðust það aldrei að vera lagðir í einelti.
- Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir hafa sjálfir tekið þátt í að leggja nemendur í einelti undanfarna mánuði segjast 90% nemenda ekki kannasti við að hafa tekið þátt í að leggja aðra í einelti. Hinsvegar játa fimm stúlkur að hafa gert slíkt og sex drengir, en bara sjaldan.
- Ein stúlka segist vinalaus í skólanum. Tvær stúlkur og einn drengur eiga einn vin en aðrir nemendur sem svara þessari spurningu eiga tvo vini eða fleiri.

Það er mikilvægt að segja frá líði manni illa. Þess vegna er spurning þess efnis lögð fyrir nemendur til að kanna hvort þau kjósi frekar að segja ekki frá vanlíðan sinni.

- Í niðurstöðunum kemur fram að nemendur kjósa að segja umsjónarkennara eða öðrum fullorðnum í skólanum frá eða vini. Enginn segist segja einhverjum fullorðnum frá heima.

Samkennd er dyggð sem við viljum að nemendur okkar nái að tileinka sér. Þess vegna er mikilvægt að sjá hvernig þeir hugsa sér að bregðast við sjái þau að einhverjum líði illa eða verði fyrir einelti.

- Langflestir segjast vorkenna viðkomandi og vilja koma til aðstoðar. Hins vegar segja nú sex nemendur að viðkomandi eigi það líklega skilið að vera lagður í einelti en enginn hafði þá skoðun í fyrra. Einni stúlku og fimm drengjum er hálfpartinn sama þegar þau sjá einhvern lagðan í einelti en sex stúlkur og nítján drengir vorkenna viðkomandi smávegis.

Í könnuninni eru nemendur spurðir um hversu oft kennarar eða aðrir fullorðnir í skólanum reyna að gera eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum. Nemendur þurfa oft

að fá aðstoð við þessa spurningu og er það kannski ekkert undarlegt að svo sé. Fullorðna fólkið í skólanum tilkynnir sjaldnast fyrirfram að verið sé að vinna gegn einelti eða andfélagslegri hegðun. Ef nemendur eru spurðir hvort haldnir séu bekkjarfundir, hvort kennarar ræði við nemendur um framkomu og samskipti eiga nemendur auðveldara með að taka afstöðu til þess hvort unnið sé gegn einelti í skólanum.

- Sjö stúlkur og sjö drengir segja að kennarar eða aðrir fullorðnir geri næstum aldrei neitt til að stöðva einelti. Það eru mun fleiri sem svara því þannig til nú en í fyrra. Sjö stúlkur og sjö drengir segja einstaka sinnum. Meiri hluti bæði drengja og stúlkna hafa hins vegar trú á að fullorðnir í skólanum vinni gegn einelti.
- Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft aðrir nemendur geri eitthvað til að stöðva einelti eru það mjög svipaðar fjöldi hjá báðum kynjum sem bera ekki mikið traust til samnemenda sinna. Sjö stúlkur og sjö drengir segja aðra nemendur gera næstu aldrei neitt, 14 stúlkur og 13 drengir einstaka sinnum og 16 stúlkur og 12 drengir öðru hverju.
- Spurningunni um það hversu oft heimilið hafi haft samband við skólann til að stöðva eineltið svara ein stúlka og einn drengur. Stúlkan segir að einu sinni hafi verið haft samband en drengurinn að oft hafi verið haft samband við skólann til að stöðva einelti.
- Sambærilegum fjölda drengja og stúlkna líður vel eða mjög vel í skólanum. Einni stúlku og þremur drengjum líður þó mjög illa og tveimur stúlkum og sjö drengjum illa. Tólf stúlkum og fimmtán drengjum líður hvorki vel né illa. Þetta er töluverð aukning frá því í fyrra.

Niðurstöðum Olweusar ber saman við niðurstöður Skólapúlsins. Það eru fleiri stúlkur en drengir sem svara því til að þeim líði illa í skólanum.

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar vinnum við eftir skýrum verkferlum við úrvinnslu eineltismála. Felast þeir í því að í skólanum starfar eineltisteymi sem í sitja námsráðgjafi skólans, deildarstjóri sérkennslu og aðstoðarskólastjóri. Komi upp eineltismál er þeim vísað til eineltisteymis til frekari úrvinnslu. Tilvísunin þarf að vera skrifleg og undirrituð. Aðilar eineltis eru síðan kallaðir í viðtöl, fyrst hver í sínu lagi en síðan saman. Tekin eru viðtöl með stuttu millibili þar til málin leysast. Sé máli lokið að mati málsaðila eru málalok undirrituð af þeim sem tilkynnti um málið í upphafi. Foreldrar eru vel upplýstir á meðan á vinnslu mála stendur.

Síðasta vetur komu fimm mál til eineltisteymis og voru þau öll leyst fyrir skólalok. Þó þarf að fara yfir þau næsta haust til að tryggja að allir séu sáttir.

Hér kemur yfirlit yfir niðurstöður Olweusar könnunarinnar síðustu sex ára.

Fjöldi þátttakenda

	2017	2018	2019	2021	2022	2023
stelpur	39	54	58	58	54	54
strákar	57	61	55	58	61	59
heild	96	115	113	116	115	113

Mér líkar illa eða mjög illa að vera í skólanum

stelpur		4	7	8	5	7	3
strákar		2	1	2	2	1	10

Ég á engan vin í skólanum

stelpur	1	0	2	0	0	1
strákar	0	0	0	1	0	0

Ég hef orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni í viku eða oftar

stelpur	2	2	2	1	2	0
strákar	2	1	1	0	1	1

Hvar fer eineltið fram?

	2017	2018	2019	2021	2022	2023
á skólalóðinni	10	4	6	5	4	5
á göngunum	5	5	10	1	5	1
í kennslustofu	2	3	6	1	3	2
Í kennslust. án kennara	2	4	2	3	4	1
á klósettinu	1	0	1	2	0	0
í leikfimissalnum	1	1	3	3	1	1
í búningaskl. /sturtu	1	1	3	2	1	1
í sundi	1	1	1	2	1	0
í búningssklefa í sundi	2	1	2	1	1	0
í matsalnum	4	4	2	1	4	3
á leið úr og í skóla	5	0	3	1	0	1
bið eftir að vera sótt	1	0	0	1	0	0
annars staðar	3	1	5	0	1	2

Hvað hugsar þú sjáir þú nemanda verða fyrir einelti?

	2017	2018	2019	2021	2022	2023
Hann/hún á það líklega skilið	2	0	2	7	0	6
Mér er hálfpartinn sama	2	5	7	14	5	6

Hve oft hefur þú tekið þátt í að leggja í einelti?

	2017	2018	2019	2021	2022	2023
Það hefur einstaka sinnum gerst	5	7	9	8	7	10
Oftar en einstaka sinnum	0	0	1	0	0	1
Oft í viku	0	0	0	1	0	0

4.3. Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Hún var fyrst lögð fyrir vorið 2023 og er markmið verkefnisins að safna gögnum um upplifun barna og ungmenna á eigin velferð. Niðurstöður verða opnar og aðgengilegar þannig að aðilar sem koma að þjónustu og umönnun barna og ungmenna geta nýtt þær til að styðja við stefnumótun. Grundvöllur verkefnisins liggur einnig í að skapa aðstæður til að bregðast við niðurstöðum hverju sinni með snemmbæru inngripi og stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra eins og kveðið er á um í löggjöf um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr 86/2021. Verður ÍÆ lögð fyrir árlega í grunnskólum, meðal barna á aldrinum 9-16 ára. Alls svöruðu 114 nemendur könnuninni að þessu sinni.

Niðurstöður könnunarinnar er skipti í tvennt. Annars vegar eru það svör nemenda í 4. og 5. bekk og hinsvegar nemenda í 6. – 10. bekk. Í lykiltölum 4. – 5. bekkjar kemur fram að nemendum finnst almennt gaman í skólanum en alltof margir svara því til að þeir séu alltaf þreyttir. Þeim líður þó almennt vel í kennslustundum en finnst hávaðinn heldur mikill. Þeim líður mjög vel í frímínútum en sumir finna þó til einmanaleika. Flestum finnst maturinn góður eða mjög góður og eru stelpur almennt ánægðari með matinn en strákar. Flestir telja sig geta sagt fullorðnum heima eða í skólanum frá líði þeim illa eða hafa áhyggjur. Mjög margir segjast finna fyrir líkamlegum og andlegum einkennum eins og höfuðverk, magaverk, svima, depurð, kvíða og pirringi en flestir segjast ánægðir með lífið.

Í lykiltölum 6. – 10. bekkjar segjast flestir 10. bekkjara líka við skólann en aðeins 68% 8. bekkjara. Um helmingur nemenda treystir kennurunum sínum og tveir þriðju kvarta undan hávaða í tímum. Um helmingur nemenda er þreyttur í skólanum dag hvern. Nánast öllum nemendum líður vel í frímínútum en um þriðjungur segist oft einmana í skólanum. Þar sker 7. bekkur sig hins vegar úr þar sem aðeins 8% nemenda segist finna fyrir einmanaleika. Andleg einkenni eins og erfiðleikar við svefn, depurð, kvíði og pirringur virðst einkenna helst líðan 9. bekkjara en síst 7. bekkjara. Líkamleg einkenni eins og bakverkur, höfuðverkur, magaverkur og svimi einkenna frekar líðan 9. bekkjara en aðra og síst nemendur 7. bekkjar. Nemendur 9. bekkjar eru þó lífsglaðastir en aðrir nemendur fylgja þar fast á hæla þeirra. 9. bekkjara stunda minnst félagsmiðstöðina og nemendur allra bekkja taka lítið þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Enginn stundar listnám í 9. og 10. bekk.

4.5. Mat á skólastarfinu

Á starfsdögum að vori rýnum við í starf vetrarins með það að leiðarljósi að greina þá þætti sem hafa gengið vel og við viljum viðhalda og hverju megi breyta.

Að þessu sinni rýndum við í niðurstöður kannana og unnu kennarar aðgerðaáætlun sem vinna á eftir haustið 2023.

Úrbótaáætlun í kjölfar Skólapúlsins og íslensku æskulýðskönnunarinnar vor 2023

Yngsta stig

Áherslupáttur	Niðurstöður sýna	Leiðir til úrbóta	Framkvæmdaraðilar
Lestur	Lestraráhugi nemenda fer dvínandi með hækkandi aldri	* Lestraráttak eins og poppskálin * Kynna höfund mánaðarins * Bókakynningar frá höfundum * Vinabekkir, eldri koma og hlusta á yngri lesa * Lestrarvinir koma og hlusta á nemendur * Heimalestur	* Kennarar * Kennarar * Stjórnendur samþykkja höfunda sem vilja koma með kynningar * Kennarar * Stjórnendur * Foreldrar
Líðan	Nemendum líður verr	* Morgungöngur * Koma rólega inn á morgnana * Svefn og morgunmatur * Skjánotkun * Foreldrafundir þar sem foreldrar geta samræmt ýmsar reglur, kynnst og t.d. skipulagt bekkjarkvöld.	* Kennarar * Þeir sem taka á móti nemendum á morgnana * Foreldrar (Kennarar eða stjórnendur með fræðslu fyrir foreldra) * Foreldrar/Kennarar/Stjórnendur Foreldrafærnisnámskeið fyrir alla að hausti, kynna öpp sem foreldrar geta notað til að stjórna skjánotkun barna. * Kennarar/Stjórnendur/Foreldrar
Þrautseigja	Nemendur búa yfir lítilli þrautseigju og gefast fljótt upp	* Leiðsagnarnám með áherslu á námsmenningu (vaxandi hugarfar), Námsmarkmið og árangursviðmið.	* Kennarar og kynna fyrir foreldrum

Miðstig

Áherslupáttur	Niðurstöður sýna	Leiðir til úrbóta	Framkvæmdaraðilar
Líðan	Líðan barna fer versnandi. Niðurstöður sýna að við séum fyrir neðan landsmeðaltal. Einelti er fyrir ofan landsmeðaltal.	Hvað lætur manni líða vel? • Hreyfing • Þegar við sjáum árangur • Upplifa að maður skipti máli, geti hjálpað. • Góður svefn • Góð næring	Samvinna heimila og skóla
Hreyfing	Innan við helmingur nemenda er í skipulögðum íþróttum	Morgunganga oft í viku. Auka fjölbreytni íþróttaiðkunar Kynna íþróttastarf sem er í boði Stofna íþróttaráð meðal nemenda í skólanum	Samvinna heimila, skóla, íþróttafélaga og samfélags

Þreyta	Stór hluti nemenda er þreyttur í skólanum	Góð kynning til heimila sem varðar slæman svefn, t.d. á foreldrafundi að hausti Heilahlé milli kennslustunda Fjölbreyttir kennsluhættir	Samvinna heimila og skóla
--------	---	---	---------------------------

Unglingastig

Áherslupáttur	Niðurstöður sýna	Leiðir til úrbóta	Framkvæmdaraðilar
Hreyfing	Yfir 30% stunda hreyfingu 1x eða sjaldnar í viku	- Íþróttaráð - Íþróttaval hjá Katrínu-stelpur/strákar - Boltaval hjá Jóni Gunnari - Gönguleiðir 3 morgna í viku, 2 leiðir í boði - Höllin opin eftir skóla - Kynning á íþróttum sem eru í boði - búa til íþróttavegg eins og Zveskjuvegginn - Gera við sundlaug	- Skólastjórar - Skólastjórar/Katrín - Skólastjórar/Jón Gunnar - Umsjónarkennarar og viðkomandi faggreinakennari. - Fjarðabyggð - Ungmennafélagið/íþróttfulltrúi Fjarðabyggð
Traust á kennurum	20% nemenda treysta ekki kennurum.	- Vera samkvæm sjálfum okkur. - Allir kennarar fylgja sömu reglum. - Viðurkennum vanmátt okkar. Ræðum þegar við gerum mistök. - Útskýrum reglur og mismunandi áherslur varðandi nemendur í samráði við þá. - Segjum nemendum að þeir megi treysta okkur. - Virðum trúnað, ræðum aldrei málefni af teymisfundum jafnvel kennarastofu við nemendur. - Höldum vinnufrið og aga í tímum. - Sýnum nemendum virðingu. - Hróshátíðir þegar nemendur standa sig vel. t.d. varðandi símanotkun. Hurðin inn á kennaragang á að vera lokuð. - Nemendur séu ekki á kennaragangi og ræða við starfsmenn.	- Hver og einn kennari - Skólastjórndendur.

Þrautseigja		- Góðar útskýringar kennara í upphafi kennslustunda í anda leiðsagnarnáms. - Benda á að lesa leiðbeiningar. Gera kröfur á nemendur. - Hrósa og hvetja.	Hver og einn kennari.
-------------	--	--	-----------------------

5. LOKAORÐ

Markmið innra mats

Samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2013 er „Mat á skólastarfi liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.“ (28)

Samkvæmt Skólanámskrá Grunnskóla Reyðarfjarðar er „Tilgangurinn með innra mati skóla að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og er formlegt og opinbert sjálfsmat gott tæki skólans til að gera innra starf markvissara í þágu nemenda, starfsmanna og foreldra.“ (8)

Tilgangurinn með innra mati skóla er því að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og gerir það skólanum kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati á því hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Það er óhætt, að mati þeirra er skipa sjálfsmatshóp, að segja að þær kannanir sem lagðar hafa verið fyrir nemendur og foreldra bendi til þess að metnaðarfullt starf sé unnið í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Það er þó ekkert launungarmál að alltaf er hægt að gera betur og verður áfram unnið markvisst að umbótarstarfi við skólann.

Reyðarfirði júní 2023

Guðlaug Árnadóttir

Aðstoðarskólastjóri

5. Fylgiskjöl

5.1. Fylgiskjal 1

Langtímaáætlun um innra mat Grunnskóla Reyðarfjarðar

Viðfangsefni	2019-2020	2020-2021	2021 - 2022	2022-2023	2023-2024
Nám og kennsla:					
Niðurstöður prófa og skimana.	x	x	x	x	x
Námsumhverfi og skipulag náms (Nemendakönnun).	x	x	x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu.	x	x	x	x	x
Námshættir og námsvitund (Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x
Skóli án aðgreiningar.	x	x	x	x	x
Mannauður:					
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x	x
Starfendarannsóknir umsjónakennarar og stjórnendur			x	x	x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (Fjarðabyggð)		x	x	x	x
Stjórnun og skipulag:					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x	x
Stjórnun skólans (Fjarðabyggð)		x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x	x
Skólaþróun og starfsþróun		x	x	x	x
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	x	x	x	x	x
Skólabragur:					
Viðmót og menning (Olweus og Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x
Velferð og líðan nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x

Samstarf heimila og skóla (Foreldrakönnun Skólapúlsinn)	x		x		x
Innra mat					
Framkvæmd innra mats	x	x	x	x	x
Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x	x

5.2. Fylgiskjal 2

Skimunaráætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar 2022 – 2023

Bekkur	haustönn	miðönn	vorönn
1.	Lesferill - lesfimi í sept. lesskimun í okt. Læsi, lestrarskimun, 1. - 11. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 1. - 10. feb.	Lesferill, lesfimi - maí
2.	Lesferill, lesfimi september Læsi, lestrarskimun, 1. - 11. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Lesmál, mat á lestri og rétttritun, 3. - 7. apríl
3.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, - 8. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Logos, 18. - 20. jan.	Lesferill, lesfimi - maí
4.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 12.-14. sept. (þeir sem ekki ná viðmiði 2) Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
5.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
6.	Lesferill, lesfimi - september Logos og Talnalykill 13. - 14. og 17. - 18. okt. Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
7.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 12.-14. sept. (þeir sem ekki ná viðmiði 2) Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
8.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
9.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 12.-14. sept. (þeir sem þurfa á að halda)	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí
10.	Lesferill, lesfimi - september	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí

5.3. Fylgiskjal 3

Niðurstöður Skólapúlsins, vor 2023

5.4. Fylgiskjal 4

Íslenska æskulýðskönnunin

Nemendakönnun 6.-10.b. 2022-2023

Grunnskóli Reyðarfjarðar

Niðurstöður

Síðast uppfærðar 6. júní 2023

Vinnsluaðili: Vísar rannsóknir ehf.

☎ +354.583.0700

✉ skolapulsinn@skolapulsinn.is

Efnisyfirlit

Um rannsóknina

Virkni nemenda í skólanum

- 1.1. Ánægja af lestri
- 1.2. Þrautseigja í námi
- 1.3. Áhugi á stærðfræði
- 1.4. Ánægja af náttúrufræði
- 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi
- 1.6. Trú á eigin námsgetu

Líðan og heilsa

- 2.1. Sjálfsálit
- 2.2. Stjórn á eigin lífi
- 2.3. Vellíðan
- 2.4. Áhyggjur og stress - ástæður
- 2.5. Einelti
- 2.6. Tíðni eineltis
- 2.7. Staðir eineltis
- 2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar
- 2.9. Holt mataræði

Skóla- og bekkjarandi

- 3.1. Samsömun við nemendahópinn
- 3.2. Samband nemenda við kennara
- 3.3. Agi í tímum
- 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 3.5. Tíðni leiðsagnarmats

Opin Svör

Um rannsóknina

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Niðurstöður einstakra matspátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matspáttar fyrir sig. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Forprófun könnunarinnar var gerð á skólaárinu 2008-2009 og tölurnar notaðar til viðmiðunar fram til skólaársins 2014-15. Könnunin var stýtt árið 2015 þar sem nýjar greiningaraðferðir gerðu það mögulegt að fjarlægja spurningar án þess að draga úr réttmæti kvarðanna. Viðmiðin voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemanda skólaársins 2014-15. Viðmið á einum kvarða til viðbótar (Samsömun við nemendahópinn) var uppfært haustið 2019 og merkir talan 5 á þeim kvarða því dæmigerðan nemanda ársins 2018-2019. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið. Þegar um er að ræða óáreiðanlegan svarstíl eða ósamræmi í svörum eru svör viðkomandi nemanda fjarlægð. Ef áhugi er að koma á samstarfi við skóla sem eru með sérstaklega góða útkomu á einhverjum matsþætti er mögulegt að senda tölvupóst á skolapulsiinn@skolapulsiinn.is og athugað verður hvort vilji er á slíku samstarfi.

Könnun hafin: 1. ágú. 2022

Könnun lýkur: 1. jún. 2023

Fjöldi þátttakenda: 91

Fjöldi svarenda: 88


Síðir: 0

Svarhlutfall: 96,7%


Þátttaka eftir mánuðum

Mánuður ↑ ↓	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi svarenda	Fjöldi síðaðra	Svarhlutfall
september				0
október	46	46	0	100,0%
nóvember				0
desember				0
janúar				0
febrúar				0
mars				0
apríl	45	42	0	93,3%
maí				0

Þessi tafla sýnir svarhlutfall í skólanum hvern mánuð sem skólinn tekur þátt og fjölda þeirra sem kerfið síðaði frá vegna óáreiðanlegs svarstíls eða of mikils hraða við svörin.



Þessi mynd sýnir kynjahlutfall meðal þátttakenda í skólanum samanborið við hlutfallið í viðmiðunarhópnum.



Þessi mynd sýnir hlutfall þátttakenda í hverjum árgangi skólans samanborið við viðmiðunarhópinn.

Þátttaka eftir spurningum

Spurningar ↑ ↓	Svör	Sleppt	Svarhlutfall (%)
1.1.1 Ég les bara þegar ég verð að gera það.	87	1	98,9%
1.1.2 Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.	85	3	96,6%
1.1.3 Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.	87	1	98,9%
1.1.4 Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.	86	2	97,7%
1.1.5 Lestur er tímasóun fyrir mig.	85	3	96,6%
1.1.6 Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.	85	3	96,6%
1.2.1 Þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er.	86	2	97,7%
1.2.2 Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.	85	3	96,6%
1.2.3 Þegar ég læri, reyni ég að gera mitt besta til að ná tökum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna.	85	3	96,6%
1.2.4 Þegar ég læri legg ég mig alla(n) fram.	85	3	96,6%
1.3.1 Ég hef gaman af því að lesa bækur og texta sem fjallar um tölur og útreikninga.	86	2	97,7%
1.3.2 Ég hlakka til stærðfræðitíma.	86	2	97,7%
1.3.3 Ég sinni stærðfræðináminu vegna þess að mér finnst gaman í stærðfræði.	86	2	97,7%
1.3.4 Ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði.	86	2	97,7%
1.4.1 Mér finnst yfirleitt gaman þegar ég er að læra um náttúrufræði	86	2	97,7%
1.4.2 Mér finnst gaman að lesa um náttúrufræði	86	2	97,7%
1.4.3 Ég er ánægð(ur) þegar ég er að leysa verkefni í náttúrufræði	86	2	97,7%
1.4.4 Ég hef áhuga á að læra um náttúrufræði	86	2	97,7%
1.5.1 Alltaf einbeitt mér að námsefninu í kennslustundum	85	3	96,6%
1.5.2 Skrifað hjá mér góða minnispunkta í kennslustundum	86	2	97,7%
1.5.3 Notað bókasafnið til að afla upplýsinga fyrir skólaverkefni	86	2	97,7%
1.5.4 Skipulagt námið mitt	86	2	97,7%
1.5.5 Að muna upplýsingar sem ég fæ í kennslustundum og úr námsbókum	86	2	97,7%
1.6.1 Lært íslensku	86	2	97,7%
1.6.2 Lært stærðfræði	86	2	97,7%
1.6.3 Lært ensku	86	2	97,7%
1.6.4 Lært íþróttir og sund	86	2	97,7%

Spurningar ↑ ↓	Svör	Sleppt	Svarhlutfall (%)
1.6.5 Lært náttúrufræði og umhverfismennt	86	2	97,7%
1.6.6 Lært hönnun og smíði	86	2	97,7%
2.1.1 Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.	86	2	97,7%
2.1.2 Ég hef marga góða eiginleika.	86	2	97,7%
2.1.3 Ég er misheppnuð/misheppnaður (glötuð/glataður).	86	2	97,7%
2.1.4 Ég get gert margt jafn vel og aðrir.	84	4	95,5%
2.1.5 Ég er ánægð(ur) með sjálfa(n) mig.	84	4	95,5%
2.1.6 Stundum finnst mér ég ekki skipta máli fyrir aðra.	86	2	97,7%
2.2.1 Það er í raun útilokað fyrir mig að leysa úr sumum vandamálum mínum.	86	2	97,7%
2.2.2 Stundum finnst mér að aðrir stjórni lífi mínu of mikið.	86	2	97,7%
2.2.3 Ég hef litla stjórn á því sem kemur fyrir mig í lífinu.	86	2	97,7%
2.2.4 Ég get gert næstum allt sem ég einbeiti mér að.	85	3	96,6%
2.2.5 Oft veit ég ekki hvað ég á að gera þegar ég stend frammi fyrir vandamálum í lífinu.	86	2	97,7%
2.3.1 Gleði	86	2	97,7%
2.3.2 Áhyggjur	86	2	97,7%
2.3.3 Dapur/Döpur	86	2	97,7%
2.3.4 Niðurdregin(n)	86	2	97,7%
2.3.5 Reiði	86	2	97,7%
2.3.6 Stress eða kvíða	86	2	97,7%
2.5.1 Mér fannst að einhver væri að baktala mig.	86	2	97,7%
2.5.2 Ég var beitt(ur) ofbeldi.	86	2	97,7%
2.5.3 Ég var skilin(n) útundan.	86	2	97,7%
2.5.4 Einhver sagði eitthvað særandi við mig.	85	3	96,6%
2.5.5 Mér leið mjög illa yfir því hvernig krakkarnir létu við mig.	86	2	97,7%
2.5.6 Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.	86	2	97,7%
2.6.1 Á síðustu <u>30 dögum</u> , hve mörgum sinnum hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum?	86	2	97,7%
2.8.1 Hve oft tekur þú þátt í íþróttum og líkamsþjálfun í skólanum fyrir utan íþróttatíma, t.d. í frímínútum?	86	2	97,7%
2.8.2 Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?	86	2	97,7%

Spurningar ↑ ↓	Svör	Sleppt	Svarhlutfall (%)
2.8.3 Þegar þú ert ekki í skólanum eða á æfingu með íþróttafélagi, hve oft hreyfirðu þig þannig að þú mæðist verulega og svitnir?	86	2	97,7%
2.9.1 Ávextir (t.d. epli, appelsínur, bananar)	86	2	97,7%
2.9.2 Grænmeti (t.d. gulrætur, salat, gúrka, paprika)	86	2	97,7%
2.9.3 Vítamín eða fjölvítamín (t.d. lýsi)	86	2	97,7%
2.9.4 Skyndibitar (t.d. hamborgarar, pítsa, franskar kartöflur)	85	3	96,6%
2.9.5 Gosdrykkir (t.d. kók, pepsí)	86	2	97,7%
3.1.1 á ég auðvelt með að eignast vini.	86	2	97,7%
3.1.2 tilheyri ég hópnum.	86	2	97,7%
3.1.3 líkar öðrum vel við mig.	85	3	96,6%
3.1.4 er allt í besta lagi.	86	2	97,7%
3.2.1 Nemendum semur vel við flesta kennara.	86	2	97,7%
3.2.2 Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel.	85	3	96,6%
3.2.3 Flestir kennararnir mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja.	85	3	96,6%
3.2.4 Ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurunum mínum.	86	2	97,7%
3.2.5 Flestir kennararnir mínir eru sanngjarnir við mig.	86	2	97,7%
3.3.1 Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.	86	2	97,7%
3.3.2 Nemendur geta ekki unnið vel.	86	2	97,7%
3.3.3 Nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir.	86	2	97,7%
3.3.4 Nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.	86	2	97,7%
3.3.5 Það er hávaði og óróleiki.	86	2	97,7%
3.4.1 Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.	86	2	97,7%
3.4.2 Í tímum fá nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri.	85	3	96,6%
3.4.3 Nemendur ræða saman um námsefnið.	86	2	97,7%
3.5.1 Kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu.	86	2	97,7%
3.5.2 Kennararnir ræða við mig um það sem gengur vel hjá mér og það sem gengur illa hjá mér í náminu.	85	3	96,6%
3.5.3 Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.	85	3	96,6%

Taflan sýnir fjölda þeirra sem svöruðu eða slepptu spurningu.

Nemendakönnun 6.-10.b. 2022-2023

Á þessari síðu má sjá yfirlit yfir alla matsþætti rannsóknarinnar. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 (staðalníur) eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Niðurstaða skólans á hverjum matsþætti er borin saman við samanlagða útkomu allra skóla sem taka þátt. Útkoma allra skóla sem taka þátt (dálkurinn Landið) er vigtuð í samræmi við stærð skóla og endurspeglar sú tala því stöðuna á landinu í heild. Breyting skólans frá síðasta þátttökuári er jafnframt gefinn upp í dálkinum Breyting. Breyting skólans frá síðasta þátttökuári er jafnframt gefinn upp í dálkinum Breyting. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður. Stjörnumerktar feitletraðar tölur merkja að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Sem viðmiðunarregla er munur á staðalníukvarða uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Tólkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Hægt er að raða matsþáttunum með því að smella á viðkomandi dálkaheiti. Nánar má lesa um túlkun hvers matsþáttar með því að smella á viðkomandi matsþátt.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,5	87	-0,4	4,3	18.805	0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,2	85	-0,6	4,4	18.898	-0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,1	86	-0,7	4,7	19.161	-0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,2	86	0,0	4,4	19.153	-0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,4	86	-0,3	4,3	18.885	0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,9	86	-0,1	4,8	19.102	0,1

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,0	86	-0,3	4,2	18.810	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,0	86	-0,2	4,2	18.779	-0,2
2.3. Vellíðan	4,3	86	-0,1	4,3	18.993	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	23	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,9	86	0,5	5,8	18.957	0,1
2.6. Tíðni eineltis	11,6%	10/86	4,7%	15,0%	2925/18895	-3,4%
2.7. Staðir eineltis	-	10	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	29,1%	25/86	-1,9%	44,8%	8301/18484	-15,7%*
2.9. Holtt mataræði	4,5	86	0,3	4,6	18.662	-0,1

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	86	0,1	4,7	18.627	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	4,5	86	-0,6	4,7	18.844	-0,2
3.3. Agi í tímum	5,2	86	-0,3	4,8	18.801	0,4*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	86	-0,3	4,8	18.741	0,5*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,7	85	-0,3	4,8	18.759	-0,1

4. Opin Svör

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega <u>gott</u> við skólann.	-	77	-	-	-	-
4.2. Vinsamlegast lýstu því hvað þér þykir <u>slæmt</u> eða megi betur fara í skólanum þínum	-	72	-	-	-	-


Virkni nemenda í skólanum

1.1. Ánægja af lestri

Ánægja af lestri er kvarði sem próaður var af OECD fyrir PISA 2000. Samkvæmt OECD hafa fyrri rannsóknir sýnt að nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til lesturs og nemendur sem lesa mikið eru með betri lesskilning.


*Tölfræðilega marktækur munur á hópum skv. ANOVA prófi.

1.1. Ánægja af lestri – Röðun




Á þessari mynd sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni og rauða línan sýnir meðaltal sveitarfélagsins.

1.1. Ánægja af lestri – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við próunina á landinu í heild.

1.1. Ánægja af lestri – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.

1.1. Ánægja af lestri – Kyn




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.1. Ánægja af lestri – Ársmeðaltöl eftir kyni




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum frá ári til árs, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.1. Ánægja af lestri – Árgangamunur



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.1. Ánægja af lestri – Árgangapróun



Þessi mynd sýnir hvernig útkoma árganga á kvarðanum hefur breyst á milli ára. Bláa línan stendur því t.a.m. fyrir þá nemendur sem eru nú í 10. bekk og sýnir hvernig staða þeirra hefur breyst frá 6. til 10. bekkjar, gula línan fyrir þá nemendur sem nú eru í 9. bekk o.s.frv. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður fyrir tiltekinn árgang ekki birtar ef færri en 2 drengir og tvær 2 stúlkur voru í árganginum.

Spurningar sem mynda matsþátt


Nemendur eru beðnir að merkja við hversu sammála eða ósammála þeir eru neðangreindum staðhæfingum.

Athugið að liðir 1.1.1 og 1.1.5 eru orðaðir andstætt við aðra liði í spurningasafninu og heildareinkunn á kvarðanum.


*Tölfræðilega marktækur munur á dreifingu skv. kí-kvaðrat prófi.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?


1.1.1 Ég les bara þegar ég verð að gera það.




1.1.2 Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.




1.1.3 Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.




1.1.4 Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.



1.1.5 Lestur er tímasóun fyrir mig.



1.1.6 Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.




1.2. Þrautseigja í námi

Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandinn leggur sig fram. Hugtakið hefur fengið mikla athygli í tengslum við vinnu gegn brottfalli. Skilningur á því hvað hvetur nemendur til að læra er fyrsta skrefið í að skapa auðugt námsumhverfi sem hjálpar nemendum að læra á eigin forsendum.


*Tölfræðilega marktækur munur á hópum skv. ANOVA prófi.

1.2. Þrautseigja í námi – Röðun




Á þessari mynd sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni og rauða línan sýnir meðaltal sveitarfélagsins.

1.2. Þrautseigja í námi – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.2. Þrautseigja í námi – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.

1.2. Þrautseigja í námi – Kyn




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.2. Þrautseigja í námi – Ársmeðaltöl eftir kyni




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum frá ári til árs, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.2. Prautseigja í námi – Árgangamunur*



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.2. Prautseigja í námi – Árgangaþróun



Þessi mynd sýnir hvernig útkoma árganga á kvarðanum hefur breyst á milli ára. Bláa línan stendur því t.a.m. fyrir þá nemendur sem eru nú í 10. bekk og sýnir hvernig staða þeirra hefur breyst frá 6. til 10. bekkjar, gula línan fyrir þá nemendur sem nú eru í 9. bekk o.s.frv. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður fyrir tiltekinn árgang ekki birtar ef færri en 2 drengir og tvær 2 stúlkur voru í árganginum.


Spurningar sem mynda matsþátt

Nemendur eru beðnir að segja til um hve oft þeir telja neðangreindar setningar eiga við um sig.


*Tölfræðilega marktækur munur á dreifingu skv. kí-kvaðrat prófi.

Hve oft eiga eftirfarandi setningar við um þig?


1.2.1 Þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er.




1.2.2 Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.



1.2.3 Þegar ég læri, reyni ég að gera mitt besta til að ná tökum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna.



1.2.4 Þegar ég læri legg ég mig alla(n) fram.



1.3. Áhugi á stærðfræði

Áhugi og ánægja af tilteknu námsefni hafa áhrif á stöðugleika í námi einstaklingsins og hve mikið hann leggur á sig við lærdóminn, óháð því hvert viðhorf hans er til skóla og lærdóms (Baumert og Köller, 1998). Aukinn áhugi og ánægja af námsefninu eykur tíma sem nemandi er tilbúinn að verja í að tileinka sér efnið (e. time on task), námstækni sem hann beitir, frammistöðu og val (Lepper, 1988). Kvarðinn var þróaður af OECD fyrir PISA 2003.


*Tölfræðilega marktækur munur á hópum skv. ANOVA prófi.

Heimildir:

Baumert, J. og Köller, O. (1998). Interest Research in Secondary Level I : An Overview. Í L. Hoffmann, A. Krapp, K.A. Renninger & J. Baumert (ritstj.), Interest and Learning, Kiel: IPN.


Lepper, M.R. (1988). Motivational considerations in the study of instruction. Cognition and Instruction, 5. Mahwah: Lawrence Erlbaum Associates.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Röðun*




Á þessari mynd sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni og rauða línán sýnir meðaltal sveitarfélagsins.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Kyn*




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Ársmeðaltöl eftir kyni




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum frá ári til árs, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Árgangamunur*



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Árgangapróun



Þessi mynd sýnir hvernig útkoma árganga á kvarðanum hefur breyst á milli ára. Bláa línan stendur því t.a.m. fyrir þá nemendur sem eru nú í 10. bekk og sýnir hvernig staða þeirra hefur breyst frá 6. til 10. bekkjar, gula línan fyrir þá nemendur sem nú eru í 9. bekk o.s.frv. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður fyrir tiltekinn árgang ekki birtar ef færri en 2 drengir og tvær 2 stúlkur voru í árganginum.


Spurningar sem mynda matsþátt

Nemendur eru beðnir að merkja við hversu sammála eða ósammála þeir eru neðangreindum staðhæfingum.


*Tölfræðilega marktækur munur á dreifingu skv. kí-kvaðrat prófi.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?


1.3.1 Ég hef gaman af því að lesa bækur og texta sem fjallar um tölur og útreikninga.




1.3.2 Ég hlakka til stærðfræðitíma.*



1.3.3 Ég sinni stærðfræðináminu vegna þess að mér finnst gaman í stærðfræði.*



1.3.4 Ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði.*




1.4. Ánægja af náttúrufræði

